

Fréttabréf Skýjaborgar

Apríl – September 2024

Nú er haustið gengið í garð og komin tími á Fréttabréf frá okkur í Skýjaborg. Síðasta fréttabréf kom út í apríl á þessu ári og því ansi margt sem við höfum brallað á þessum tíma. Hér getið þið fengið innsýn í starfið okkar á þessum tíma:

Apríl

Í apríl var unnið með þemun vor/páskar og maí var unnið með dýr og faratæki. Skipulagsdagur var fyrir starfsfólk í upphafi aprílmánaðar þar sem farið í innra mat og deildarvinnu. Í apríl var einnig fagfundur fyrir starfsfólk Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og fékk starfsfólk þar kynningu frá Einhverfusamtökunum. Við höldum upp á Dag umhverfisins í Skýjaborg með því að hreinsa til í nærumhverfinu okkar og tína rusl. Við fórum svo einnig meðal annars í hvolpaheimsókn heim til Báru, Regnbogabörnin settu niður sólblómafræ og fóru heim með sólblóm og Gugga matræður kom með krossfiska og leyfði okkur að skoða.



heiman og komu því ekkert í Skýjaborg þessa daga. Vorskólinn gekk vel og eru börnin vel undir búin undir grunnskólagöngu.

Maí

Líkt og ávallt, var margt um að vera hjá okkur í maí. Við höldum umferðarviku þar sem farið var yfir umferðarreglur með hjálp

Skólasamstarf

Elsti árgangurinn fór í ferð með 1. bekk og fékk að kíkja í fjós og fjöru við Belgsholt. Nánasta umhverfi var rannsakað í dásamlegu veðri og nutu börnin sín vel. Skólasamstarfi vetrarins 2023-2024 lauk svo með þriggja daga vorskóla í maí þar sem börnin æfðu sig að vera í Heiðarskóla. Þau tóku skólarútuna að



September 2024

Innipúkans og enduðum við vikuna á hjóladegi. Við fórum í sveitaferð að Hvítanesi þar sem bændurnir tóku vel á móti okkur, sýndu okkur kálfana og nautin í fjósinu, lömbin í fjárhúsinu og hænsi og kalkúna í hænsakofanum. Öll fengu að halda á lambi og klappa tvíburakálfum sem voru inni með mömmu sinni í smá dekri. Við gengum svo niður í fjöru og fundum alls kyns spennandi fjársjóði þar. Magga bóndi gekk með okkur út í hólma og sýndi okkur nokkur hreiður með eggjum. Við enduðum svo ferðina á grilluðum pylsum. Við þökkum kærlega fyrir móttökurnar, svo dýrmætt að heimsækja nágretta okkar hér í sveitinni.

Útskrift og vorhátíð

Í maí var útskrift 2018 árgans og vorhátíð Skýjaborgar og foreldrafélagins. Börnin opnuðu útskriftarathöfnina með flottu tónlistaratriði og svo var útskriftin með hefðbundnu sviði með stuttum ræðum, afhendingu útskriftarskírteyna og gjöf. Vorhátíðin var vel heppnuð með pylsum, hoppukastala, andlitsmálningu, tattoo, sápukúlum, söngi og spil með Mána Björgvins. Við þökkum við fyrir að ekki byrjaði að rigna fyrir en rétt í lokin.



Útskriftarferð

Í lok maí fór útskriftarhópurinn okkar í útskriftarferð. Farið var með rútu á Akranes í skógræktina Garðalund þar sem farið var í leiki og sprell. Því var næst gengið í heimsókn til eins kennara sem börnunum þótti mjög skemmtilegt. Farið var í pizzaveislu á Galito við mikinn fögnuð. Eftir matinn var rölt og kíkt á bókasafnið. Útskriftarferðin endaði svo í miklu fjöri hjá Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar. Á slökkvistöðinni var nefnilega lokahóf í verkefninu Slökkviliðið mitt – Aðstoðarmenn slökkviliðsins sem elsti árgangurinn hefur verið að vinna að í vetur. Það var leiksvæði fyrir framan slökkvistöðina þar sem töluvert var sulað með vatn og börnin fengu að prufa ýmsan búnað.



Sumar 2024

Í júní settum við upp Vorsýningu Skýjaborgar í Stjórnsýsluhúsi Hvalfjarðarsveitar. Á sýningunni mátti sjá brot af því vetrarstarfi sem fram fór síðastliðinn vetur í Skýjaborg.

September 2024

Gestir á Barnameningarhátíð

Í tilefni af Barnameningarhátíð á Akranesi 23.-31. maí fengum við í Skýjaborg tvær skemmtilegar heimsóknir.

Birte og Imma kíktu í heimsókn, sögðu börnunum sögu af skrímslum og sungu með börnunum. Birte og Imma hafa brallað ýmislegt skemmtilegt saman og má sjá nánar [hér](#).

Þær Halldóra og krístrún komu einnig í heimsókn til okkar frá Byggðasafninu að Görðum. Þær voru með fjörfróðleik og sögðu okkur söguna um Katanesskrímslið. Börnin fengu að smakka fjörukál og söl, hlusta á hljóðið í kuðungi og margt fleira skemmtilegt. Það komu einnig skemmtilegar umræður um hvað væri satt og hvað væru kjaftasögur, en börnin voru sammála um enginn þeirra hefði séð skrímsli og því væru þau ekki til.



Virkilega fræðandi og skemmtilegt erindi hjá þeim.



Gjöf

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar gaf leikskólanum sex sæta fjölburakerru í sumar. Gjöfin kemur bæði börnum og starfsfólki til góðs með heilsueflingu og auknum tækifærum á útivist í nærumhverfi leikskólans. Við þökkum ungmennafélaginu kærlega fyrir höfðinglega gjöf sem nýtist vel.

Sumardagskrá

Í júní var skipt yfir í sumardagskrá hjá okkur með fleiri gönguferðum, útileikjum, leikjastöðvum í garðinum og uppbrotsdögum. Það var með annars haldinn búningadagur, þjóðhátíðarpema, útidótadagur og

sulldagur. Mikil gleði og fjör alla daga í garðinum sem og í göngu- og vettvangsferðum. Leikskólinn var svo lokaður í 4 vikur í sumar, frá 8. júlí-2. ágúst.

Kveðja

Í sumar kvöddum við 7 börn sem hófu grunnskólagöngu í Heiðarskóla í haust. Við óskum þeim og fjölskyldu þeirra til hamingju með þennan stóra áfanga að ljúka fyrsta

September 2024

skólastiginu. Við kvöddum einnig starfsfólk, þær Guðrúnu, Teddu, Ritu, Mörtu og Birgittu. Við þökkum þeim fyrir samstarfið og samveruna og óskum þeim góðs gengis í nýjum verkefnum. Við kvöddum einnig tvö önnur börn sem fluttu annað og óskum við þeim og fjölskyldum þeirra góðs gengis á nýjum stað.

Haustið

Haustið fer vel af stað hér í Skýjaborg. 32 börn eru í leikskólanum í dag, 19 á Regnboganum og 13 á Dropanum. Tveir nýjir starfsmenn voru ráðnir til starfa í ágúst. Ásdís sem tók við sem deildarstjóri á Regnboganum og Diljá leikskólalíði og leikskólakennaranemi. Við bjóðum þær velkomnar til starfa. Bára deildarstjóri færðist yfir á Dropann. 4 börn hófu aðlögun á Dropanum og færðust þrjú börn af Dropanum yfir á Regnbogann. Það var því aðlögun á ýmsum stöðum: ný börn, nýtt starfsfólk, börn á nýrri deild og breyttur starfsmannahópur í teyllum deildanna. Ágústmánuður einkenndist þó af ró, gleði, jákvæðni og metnaði og lagði góðan grunn fyrir veturinn.

Í september fór svo vetrarstarfið á fullt hjá okkur. Börnin á Regnboganum kusu heiti á hópana sína. 2019 árgangur er rósahópur, 2020 árgangur er kisuhópur og 2021/22 er einhyrningahópur. Þær stundir sem eru í vetrarstarfi hjá okkur eru vinastundir, hópastarf, tónlistartímar og hreyfistundir. Tónlistartímar og hreyfistundir eru 1x í viku fyrir börnin í minni hópum. Vinastundir eru daglega þar sem markmiðið er að veita málörvun við hæfi og læra boðskiptareglur. Unnið er eftir áhersluþáttum úr *Handbók Skýjaborgar: Leikur mál og læsi* sem áhugasamir geta fundið [hér](#). Hver hópur fær hópastarf 1-2x í viku (fer eftir aldri). Í hópastarfi er markmiðið að eiga gæðastund í minni hópum, vinna að sameiginlegum verkefnum og efla og styðja við jákvæð samskipti.



Við vinnum með Lubba og þá eru íslensku máhljóðin lögð fyrir börnin og unnið með þau. Lubbi er sterkur í samvinnu á milli heimilis og skóla og hjálpar okkur töluvert þar með því að kíkja í helgarheimsóknir til barnanna. Markmiðið með Lubba-heimsóknum er að efla samvinnu milli leikskóla og heimilis, örva samræður, efla málþroska og félagsfærni barnsins. Verkefnið sem við viljum að barnið og fjölskyldan vinni í sameiningu er að skrifa í bókina stutta frásögn frá heimsókninni, setja myndir í bókina eða sendi þær á okkur og

September 2024

við límum þær inn, finna orð tengd máhljóðinu sem unnið er með hverju sinni og skrifa í bókina og auðvitað hafa gaman saman.

Dagur læsis

Við höldum upp á Dag læsis með því að bjóða bækur sérstaklega velkomnar og minna á að bækur eru ávallt velkomnar til okkar í Skýjaborg alla daga.

Dagur íslenskrar náttúru

Á degi íslenskrar náttúru fór Regnboginn í göngutúr í sælureitinn okkar sem nefnist Hundraðekruskógur og var náttúrulegum efnivið safnað saman s.s. sveppum, greinum, steinum, könglum og blómum. Eftir hádegi var frjáls leikur í garðinum með náttúrulegan efnivið; könglar og blóm í sandkassanum, skeljar og grjón í



sullukarinu, útielhdúsið okkar og svo var Diljá búin að gera sandleir sem settur var á borðin úti. Við nýttum svo það sem við fundum í göngutúrnum okkar í leiknum með sandleirinn. Þessi dagur heppnaðist alveg rosalega vel og skemmtu börnin sér frábærlega sem og við starfsfólkið.

Skipulagsdagar og kynningarfundir

Tveir skipulagsdagar hafa verið í haust. Í ágúst fékk starfsfólk námskeið í skyndihjálpi og samþykktu Samskiptasáttmála Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Í september var vetrarstarfið skipulagt með starfsmannafundi og deildarfundum.

Í september voru deildarstjórar með kynningarfundum fyrir foreldra þar sem þeir kynntu starf deildanna í vetur, áherslur leikskólans og deildanna ásamt fleiri upplýsingum til foreldra. Við þökkum foreldrum kærlega fyrir komuna og vonumst til að kynningin hafi verið þeim gagnleg og upplýsandi.